

3. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar mánudaginn 19. júlí 2010, kl. 15:00.

Formaður bæjarráðs, Kári Kárasón setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Framkvæmd sundlaugar
 2. Fundargerðir:
 - a) Menningar-og fegrunarnefnd frá 7. júlí 2010
 - b) Brunavarnir A-Hún frá 6. júlí 2010
 - c) Búfjáreftirlits-og fjallskilanevnd frá 5. júlí 2010
 - d) Stjórnar Hafnasambands Íslands frá 28. júní 2010
 3. Kennslumagn Grunnskólans á Blönduósi fyrir skólaárið 2010-2011
 4. Erindi frá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur frá 10. júlí 2010
 5. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 5. júlí 2010
 6. Atvinnumál
 7. Önnur mál
-

Afgreiðslur:

1. Framkvæmd sundlaugar

Á fundinn mættu fulltrúar Framkvæmdahóps um byggingu sundlaugar ásamt skólastjóra Grunnskólans á Blönduósi.

Framkvæmdahópurinn gerði grein fyrir aðdraganda ákvörðunar að hefja byggingu sundlaugarinnar og byggingu hennar frá því að framkvæmdir hófust árið 2008. Jafnframt hvernig verkferlar gengu fyrir sig við ákvörðunartöku einstakra verkþátta.

Formaður bæjarráðs vakti máls á opnunartíma sundlaugar. Samþykkt að yfirmaður íþróttamiðstöðvar sendi á bæjarstjóra drög að opnunartíma sundlaugar.

2. Fundargerðir:

a) Menningar-og fegrunarnefnd frá 7. júlí 2010

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Fundargerðin samþykkt samhljóða.

Bæjarráð samþykkti að fá nefndina á fund bæjarráðs til að ræða aukið hlutverk nefndarinnar.

b) Brunavarnir A-Hún frá 6. júlí 2010

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Lögð fram til kynningar.

c) Búfjáreftirlits-og fjallskilanevnd frá 5. júlí 2010

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Lögð fram til kynningar.

d) Stjórnar Hafnasambands Íslands frá 28. júní 2010

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Lögð fram til kynningar.

3. Kennslumagn Grunnskólans á Blönduósi fyrir skólaárið 2010-2011

Bæjarstjóri fór yfir og skýrði forsendur að baki beiðni um kennslumagn fyrir skólaárið 2010-2011. Bæjarráð samþykkir tillöguna og vísar til fræðslunefndar til kynningar.

4. Erindi frá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur frá 10. júlí 2010

Leitað er eftir styrk til byggingar fyrir Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.

Bæjarráð hafnar erindinu.

5. Bréf frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga frá 5. júlí 2010

Samkvæmt ákvörðun stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga á fundi hennar 25. júní sl., er boðað til XXIV. landsþings sambandsins á Akureyri dagana 29. september til 1. október 2010.

Formaður bæjarstjórnar og bæjarstjóri mæta fyrir hönd Blönduósbæjar.

6. Atvinnumál

Formaður bæjarráðs vakti máls á málefnum Heilbrigðisstofnunarinnar á Blönduósi og fyrirhugaðri sameiningu við heilbrigðisstofnunina á Sauðárkróki.

Bæjarráð samþykkir að boða fund með forstjóra HSB. Bæjarráð leggur til að Bygðasamlag um menningu og atvinnumál fjalli einnig um málið.

7. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 18:40

*Kári Kárason (sign.)
Zophonías Ari Lárusson (sign.)
Oddný M. Gunnarsdóttir (sign.)*

Arnar Þór Sævarsson (sign.)